

60. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.01 2014, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur til fundar Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar, til umræðu um 1. og 2. dagskrárlið

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Gunnarstofnun

2. Hengifossvæðið

3. Skýrsla oddvita

4. Óbyggðasafnið

5. Skólamál

- a) Fundargerð Foreldrafélags Hallormsstaðaskóla
- b) Fundargerð Skólaráðs Hallormsstaðaskóla 11.12
- c) Fundargerð Skólanefndar Hallormsstaðaskóla 13.12

6. Bréf

Skipulagsstofnun dags. 30.12

7. Fjárbeiðnir

Hólar- 100 ára saga KHB

8. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 16.12
- b) Samgöngunefnd SSA 28.11
- c) Húsnefnd Végarðs 20.12
- d) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 17.12 og 20.12

9. Önnur mál.

1. **Gunnarstofnun.** Skúli Björn kynnti greinagerð um verkefni er varða þjónustusamning milli Gunnarsstofnunar og Fljótsdalshrepps á árinu 2013. Þjónustusamningurinn rennur út í árslok 2014 og huga þarf að endurskoðun og endurnýjun á honum fyrir þann tíma. Þá fór Skúli Björn yfir starfsemi Gunnarsstofnunar og hvað helst væri framundan hjá stofnuninni. Ferðamönnum með viðkomu á Skriðuklaustri fjölgaði á árinu 2013 og verið að skoða að bæta við fastráðnum starfsmanni í hlutastarf.
2. **Hengifossvæðið.** Fljótsdalshreppur hefur sent inn umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamanna, sótt var um fjármagn til að deiliskipuleggja svæðið og bæta göngustíga, sem fyrsta skref í aðgerðaráætlun næstu ára. Ýmis nauðsynleg undirbúningsvinna fyrir framkvæmdir og

skipulagsgerð hefur verið unnin s.s. að svæðið hefur verið mælt upp, áhættugreining (vegna sumarumferðar) gerð á stíg upp að Hengifossi, skýrsla unnin um stefnumótun og framtíðasýn og ýmsar kostnaðargreiningar mögulegrar framkvæmda gerðar og ferðakannanir. Fljótsdalshreppur hefur í sínum áætlunum gert ráð fyrir að fjármagna í sumar framkvæmdir við að koma rafmagnstengingu inn á svæðið. Í júní og júlí á síðasta sumri voru starfsmenn Snæfellsstofu með viðveru á svæðinu og buðu m.a. upp á leiðsögn að Hengifossi, týndu rusl með stíg og spjölluðu við gesti á bílastæði. Áhugi er hjá Snæfellsstofu/þjóðgarðsverði að samstarfinu verði haldið áfram. Fljótsdalshreppur tók þátt í kostnaði vegna viðveru starfsmanna Snæfellsstofu og ber kostnað af sorptæmingu og þrifum í snyrtihúsi við Hengifossá, en um þrífingina sáu eins og undanfarin ár landeigendur Mela. Vandræði eru með vatnsöflun í snyrtihúsið. Árlega þrýtur vatn í brunni og er þá gripið til þess ráðs að dæla vatni úr ánni með dælu sem gengur fyrir rafmagn af rafgeymi og gengur það misjafnlega vel og er ótryggt. Aðkallandi er að leysa vatnsmálin.

Skúli Björn þökkuð koman og fór hann af fundi kl 14.45.

3. Skýrsla oddvita.

Oddviti, Þorvarður og Jóhann mættu fyrir hönd sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps á fund Foreldrafélags Hallormsstaðaskóla 8. desember, þar sem framtíð skólans var rædd.

Oddviti sat fund eignaraðila Safnahúss á Egilsstöðum, 11. desember. Í undirbúningi er að eignarhald hússins færast yfir á einn aðila þ.e. Fljótsdalshérað.

Umhverfis-og auðlindaráðherra skipaði sl. haust starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa umfjöllun um landnýtingu í landsskipulagsstefnu 2015-2026. Starfshópurinn óskar nú eftir viðhorfum sveitarfélaga varðandi landnotkun í dreifbýli, framtíðarsýn fyrir mismunandi geira, helstu tækifæri og ógnanir. Spurningarlisti fylgir með beiðninni.

Undirritaður var samningur við Ferðaklúbbinn 4x4 Austurlandsdeild, 7. desember sl. um umsjón og afnot af mannvirkjum Fljótsdalshrepps í Fjallaskarði.

Hagstofa Íslands hefur boðað að rannsókn á fráveitumálum sveitarfélaga á Íslandi sem stofnunin hafi undirbúið og óskað eftir samstarfi með, verði hætt þar sem IPA styrkir sem ætlað var að fjármagna verkefnið fáist ekki.

Endurgreiðsla til Fljótsdalshrepps frá ríkinu vegna minkaveiða á sl. veiðitímabili nemur kr. 30.855,-. Engar upplýsingar hafa borist um hvernig fjármagninu sem til staðar var á fjárlögum síðasta árs til endurgreiðslu vegna refaveiða verður útdelt.

Rúmlega 40 manns mættu til að spila hina árlegu jólavist, sem að þessu sinni fór fram í Végarði 30. desember.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp á lögum um meðhöndlun úrgangs sem lagt hefur verið fram á Alþingi, koma fram áhyggjur af því að verði ekki gerðar breytingar á frumvarpinu muni það hafa umtalsverð kostnaðaráhrif á sveitarfélög. Annars vegar vegna kröfu um sérstaka söfnun úrgangs frá heimilum og hins vegar vegna markmiða um að draga úr urðun úrgangs.

Veraldarvinir bjóða Fljótsdalshreppi starfskrafta sjálfboðaliða næsta sumar.

4. Óbyggðasafnið. Lögð fram gögn er varða stofnun hlutafélags um mannvirki Óbyggðasafns.

5. Skólamál.

d) Fundargerð Foreldrafélags Hallormsstaðaskóla 08.12. Kynnt

e) Fundargerð Skólaráðs Hallormsstaðaskóla 11.12. Kynnt

f) Fundargerð Skólanefndar Hallormsstaðaskóla 13.12. Kynnt.

Samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúum Fljótsdalshéraðs, til að ræða skólahald á Hallormsstað og skólasamning.

6. Bréf.

Skipulagsstofnun dags. 30.12. Kynnt. Varðar endurskoðun aðalskipulags og ósk Fljótsdalshrepps um umsögn, um frestun á aðalskipulagi á svæði ofan Fljótsdalsstöðvar.

7. Fjárbeiðnir.

Hólar- 100 ára saga KHB. Hafnað að Fljótsdalshreppur kaupi eintök handa sveitarstjórnarmönnum.

8. Fundargerðir

a) Félagsmálanefnd 16.12. Kynnt.

b) Samgöngunefnd SSA 28.11. Kynnt.

c) Húsnefnd Végarðs 20.12. Kynnt. Samningur LV við Fljótsdalshrepp um afnot af Végarði er á enda og ekki verið tekin ákvörðun um framlengingu á þeim samningi.

d) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 17.12. Staðfest fundargerð. Liður 2. Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti stofnun fasteigna (þjóðlendu) innan Múlafréttar og Villingadals. Sveitarstjórn samþykkir stofnunina og felur oddvita og byggingarfulltrúa að annast stofnun fasteigna í þjóðskrá eins og forsætisráðuneytið fer fram á með bréfi dags. 25.06 2013, að verði gert.

Byggingarnefnd 20.12. Staðfest fundargerð. Liður 1. Byggingarnefnd samþykkir stofnun lóðar fyrir Gunnarstofnun 18.931m². Lóðin er í samræmi við deiliskipulag. Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar. Byggingarfulltrúi mun annast skráningu.

9. Önnur mál.

Á Alþingi hafa þingmennirnir Valgerður Gunnarsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson lagt fram tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnisýslu um málefni hreindýra til hreindýraráðs. Þingskjal 255-202 mál.

Eftirfarandi bókun samþykkt og oddvita falið að senda Alþingi hana sem umsögn Fljótsdalshrepps um tillöguna:

Á undanförunum árum hafa sveitarfélög á Austurlandi margoft ályktað um að stjórnisýsla hreindýra væri best komin á Austurlandi.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fagnar framkominni tillögu, en í henni felst að vægi hreindýraráðs verði aukið á ný. Við breytingar sem gerðar voru á árinu 2003 færðust völd frá

hreindýraráði til veiðistjórnunarsviðs Umverfisstofnunar og fjarlægðist þá markmið heimamanna um að stjórnslu hreindýramála verði fyrirkomid á Austurlandi . Hljóti þingsályktunin samþykki Alþingis, hvetur Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps til að flutningi tilgreindrar stjórnslu verði hraðað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.15

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)